

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Kjósarhreppi.

#### *Hjallabarð. Nýtt deiliskipulag.*

Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti 8. júní 2023 deiliskipulagstillögu fyrir frístundabyggð Hjallabarðs í landi Hjalla, skipulagið tekur til 5,5 ha svæðis. Innan svæðisins verða skilgreindar sjö frístundalóðir, og eru þær á bilinu 1.249 m<sup>2</sup> – 9.346 m<sup>2</sup> að stærð. Skipulagssvæðið er í landi Hjalla en það afmarkast af landi Eyja 2 að vestan- og norðanverðu. Svæðið er að mestum hluta á grónum túnum. Umhverfið einkennist af landbúnaðarlandi og frístundabyggð. Aðkoma að skipulagssvæðinu er um Meðalfellsveg (461), Sandsveg, afleggjari sem liggur að Sandi, og þaðan inn á Hjallabarð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag í landi Eilífsdals í Kjós. Breyting deiliskipulags.*

Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 3. maí 2023 deiliskipulagsbreytingu fyrir Kleif í Eilífsdal. Breytingin tekur til sameiningar á lóð og landspildu sem henni fylgdi og tveggja nýrra byggingarreita. Um er að ræða óverulega breytingu og hefur málið hlotið afgreiðslu í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá. Breyting deiliskipulags.*

Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 3. maí 2023 deiliskipulagsbreytingu fyrir stækkun á lóðinni Eyjabakka 11, úr 3.803 m<sup>2</sup> í 4.130 m<sup>2</sup>. Markmiðið með breytingunni er að heimila byggingu aukahúss á lóðinni. Um er að ræða óverulega breytingu og hefur málið hlotið afgreiðslu í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 12. september 2023.*

**Pálmar Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. september 2023